



SINFÓNÍUHLJÓMSVEIT
ÍSLANDS

ÖRLAGASINFÓNÍA BEETHOVENS



1. MARS 2018

VELKOMIN

Vinsamlegast hafið slökkt á farsímum meðan á tónleikum stendur.

Tónleikarnir eru í beinni útsendingu á Rás 1 og eru aðgengilegir í Sarpinum á ruv.is.

Tónleikagestir eru beðnir um að klappa aðeins í lok tónverka.

Áætluð timalengd verka:

Sinfóníetta: 5'

Fiðlukonsert: 34'

Sinfónía: 32'

Baiba Skride áritar geisladiska sína í hléi fyrir framan Eldborg á 2. hæð.

Upptökur með Sinfóníuhljómsveit Íslands má finna á YouTube- og Spotify-rásum hljómsveitarinnar. Á Spotify má einnig finna lagalista með allri tónlist starfsársins.



@icelandsymphony / #sinfó

Aðalstyrktaraðili :

GAMMA

FIM 01 MAR 19:30

TÓNLEIKAR Í ELDBORG

ÖRLAGASINFÓNÍA BEETHOVENS

Eivind Aadland
hljómsveitarstjóri

Baiba Skride
einleikari

EFNISSKRÁ

Jónas Tómasson
Sinfónietta II (2003)

Robert Schumann
Fiðlukonsert í d-moll (1853)
In kräftigem, nicht zu schnellem Tempo
Langsam
Lebhaft, doch nicht schnell

Hlé

Ludwig van Beethoven
Sinfónía nr. 5 í c-moll, op. 67 (1808)
Allegro con brio
Andante con moto
Allegro –
Allegro - Presto

For information in English about tonight's programme,
please visit the Iceland Symphony Orchestra website:
en.sinfonia.is



EIVIND AADLAND

HLJÓMSVEITARSTJÓRI

Eivind Aadland er einn af virtustu hljómsveitarstjórum Noregs. Hann var aðalhljómsveitarstjóri og listrænn stjórnandi Sinfóníuhljómsveitar Þrándheims á árunum 2004 til 2010. Aadland hefur stjórnað öllum helstu sinfóníuhljómsveitum Norðurlanda og kemur reglulega fram sem gestastjórnandi með filharmóníuhljómsveitunum í Bergen og Ósló, sinfóníuhljómsveitum Stafangurs og Gautaborgar og Sænsku kammersveitinni.

Utan Norðurlandanna hefur Aadland unnið mikið með sinfóníuhljómsveitum í Ástralíu, Austurlöndum fjær og Evrópu. Meðal þessara hljómsveita eru Útvarpshljómsveitin í Berlín, Sinfóníuhljómsveitin í Barcelona, Belgíska þjóðarhljómsveitin og sinfóníuhljómsveitirnar í Melbourne og Tasmaníu.

Eivind Aadland hóf feril sinn sem fiðluleikari og lærði hjá hinum heimsþekktu fiðluleikara Yehudi Menuhin. Léku þeir saman á tónleikum, m.a. í París og London. Síðar gegndi Aadland um árabíl stöðu konsertmeistarar Filharmóníuhljómsveitarinnar í Bergen en ákvað að venda kvæði sínu í kross og hóf nám í hljómsveitarstjórn hjá Jorma Panula við Sibeliusarakademíuna í Helsinki.

Aadland myndar sterk tengsl við hljóðfæraleikarana sem hann vinnur með enda hefur hann verið tíður gestur Sinfóníuhljómsveitar Íslands allt frá fyrstu heimsókninni fyrir 13 árum. Þá bar samstarf hans við Ungsveit hljómsveitarinnar glæsilegan árangur í flutningi á 10. sinfóníu Shostakovitsj í Eldborg haustið 2015 og 5. sinfóníu Tsjajkovskíjs ári síðar.

Aadland hefur hljóðritað sem hljómsveitarstjóri og sem fiðluleikari fyrir Hyperion, EMI, BIS og Simax. Sem dæmi má nefna heildarsafn sinfónískra verka eftir Grieg með WDRsinfóníuhljómsveitinni sem og sinfónísk verk Eivinds Groven og öll verk Arne Nordheim fyrir fiðlu og hljómsveit með Sinfóníuhljómsveitinni í Stafangri. Nýlega stjórnaði Aadland Konunglegu filharmóníuhljómsveitinni í Liverpool á diskum þar sem landi hans, trompetleikarinn Tine Thing Helseth, leikur einleik í umritunum á verkum nokkurra þekktara tónskálda.

Utan tónlistarstarfsins er Eivind Aadland mikill áhugamaður um nútímalist og hefur einkasafn hans að geyma fjölbreytt úrval listaverka af ýmsum toga.



BAIBA SKRIDE

EINLEIKARI

Lettneski fiðluleikarinn Baiba Skride kemur úr stórrí tónlistarfjölskyldu. Hún hóf ung tónlistarnám í fæðingaborg sinni Riga og stundaði framhaldsnám við Tónlistar- og leikhúsháskólann í þýsku borginni Rostock. Ferill hennar hófst fyrir alvöru þegar hún vann til fyrstu verðlauna í Queen Elisabeth-keppninni árið 2001.

Síðan þá hefur Baiba Skride aflað sér alþjóðlegrar frægðar og er hún reglulegur gestur helstu sinfóníuhljómsveita heimsbyggðarinnar. Meðal þeirra eru Berlínarfílharmónían, Sinfóníuhljómsveitin í Boston, Orchestre de Paris og New York-fílharmónían auk fremstu hljómsveita Japans, Ástralíu og Norðurlanda.

Baiba Skride hefur hljóðritað ellefu geisladiska fyrir Orfeo- og Sony útgáfunar. Meðal þeirra er einn diskur með einleiksverkum og tvær plötur með sónötum og öðrum verkum fyrir fiðlu og píanó þar sem systir hennar Lauma Skride leikur með henni. Á hinum skífunum er að finna fjölbreytt úrval af fiðlukonsertum og öðrum verkum með þekktum hljómsveitum og nafntoguðum hljómsveitarstjórum, m.a. Santtu-Matias Rouvali, John Storgårds, Sakari Oramo, Vasily Petrenko og Andris Nelsons. Á þessum diskum hljóma alls þrettán fiðlukonsertar, þar á meðal konsertar Brahms, Sibeliusar, Tsjajkovskijs og Stravinskijs en einnig sjaldheyrðari verk eftir Arthur Honegger, Frank Martin, Michael Haydn - og Schumann-fiðlukonsertinn.

Nýliðinn mánuður var annasamur hjá Baibu Skride. Hann hófst með þrennum tónleikum með Berlínarfílharmóníunni og Dima Slobodeniouk þar sem hún lék 2. fiðlukonsert Shostakovitsj. Nokkrum dögum síðar var konsert Albans Berg í tvígang á dagskrá með finnsku hljómsveitinni Kymi Sinfonietta og um miðjan mánuðinn Nielsen-fiðlukonsertinn með Kaupmannahafnarfílharmóníunni í Hillerød og Kaupmannahöfn. Þá spilaði Baiba á kammertónleikum í Berlín ásamt systur sínum Lindu og Laumu áður en hún hélt til Leipzig til að leika Berg-konsertinn þrisvar sinnum með Gewandhaushljómsveitinni og Andris Nelsons.

Baiba Skride leikur á hina svonefndu Yfrah Neaman-Stradivariusfiðlu sem Neaman-fjölskyldan lánar henni í gegnum Beares International Violin Society.



JÓNAS TÓMASSON

SINFÓNÍETTA II

Jónas Tómasson stundaði tónlistarnám við Tónlistarskólann í Reykjavík, m.a. hjá þeim Jóni Þórarinssyni og Þorkatli Sigurbjörnssyni, en hélt síðan til framhaldsnáms í Amsterdam þar sem hann sótti tíma hjá Ton de Leeuw, Léon Orthel og Jos Kunst árin 1969–1972.

Jónas fluttist til Íslands árið 1973 og settist að á Ísafirði, þar sem hann hefur að mestu dvalið síðan. Þar hefur hann látið að sér kveða á ýmsum sviðum tónlistarlífsins, m.a. sem kennari í tónfræðigreinum og flautuleik, sem flautuleikari og kórstjóri og um áratuga skeið hafði hann umsjón með tónleikahaldi fyrir Tónlistarfélag Ísafjarðar. Tónsmíðarnar hafa þó ævinlega átt hug hans allan og síðustu árin hefur hann helgað sig þeim eingöngu.

Jónas er afar mikilvirkt tónskáld og eftir hann liggur fjöldi verka af ólíkum toga. Hann hefur samið fjölmörg hljómsveitarverk og konserta - m.a. fyrir orgel, víólu, píanó, tvö píanó og sinfóníuhljómsveit. Kórverk skipa stóran sess í tónverksafni Jónasar, einnig hefur hann samið fjöldann allan af kammerverkum fyrir ólíkar og oft frumlegar samsetningar hljóðfæra. Loks hefur Jónas samið fjölda einleiks- og einsöngverka fyrir ýmis hljóðfæri, oft að beiðni einstakra tónlistarmanna.

Verk Jónasar hafa verið flutt af mörgum fremstu tónlistarmönnum hér á landi, t.d. hefur Sinfóníuhljómsveit Íslands margsinnis flutt sinfónísk verk hans og konserta. Kammersveit Reykjavíkur, Caput-tónlistarhópurinn, kammerhópurinn Ýmir, Mótettukór Hallgrímskirkju og fjölmargir aðrir minni tónlistarhópar hafa haft verk hans á efnisskránni og flutt þau víða um heim. Upptökur hafa verið gerðar af fjölda verka Jónasar og hafa mörg þeirra einnig komið út á geisladiskum.

Um verkið sem flutt verður í kvöld segir Jónas:

„Á einni af mörgum ferðum mínum um Mývatnssveit og Laxárdal datt mér Sinfóníetta II í hug. Reyndar í miðjum Laxárdal, sumarið 2003.“

Verkið tileinkar Jónas eiginkonu sinni Sigríði Ragnarsdóttur og ber það undirtítilinn (Laxárdalur - til Siggú).

TÓNLISTIN Á ÍSLANDI

Önnur sinfóníetta Jónasar Tómassonar hefur ekki áður heyrst á tónleikum Sinfóníuhljómsveitar Íslands en hún var hljóðrituð fyrir allmörgum árum. Sinfóníetta I hefur aftur á móti þrisvar sinnum verið leikin af hljómsveitinni. Verk Jónasar heyrðist fyrst á tónleikum Sinfóníunnar í nóvember 1973 en það var Leikleikur sem aftur var á dagskrá haustið 2013. Á þessum riflega fjörutíu árum hefur Sinfóníuhljómsveit Íslands leikið hartnær tuttugu verk Jónasar opinberlega.



ROBERT SCHUMANN

FIDLUKONSERT

Ungverski fiðluleikarinn Joseph Joachim var aðeins 22ja ára gamall þegar hann bað vin sinn og læriföður, Robert Schumann (1810–1856), að semja fyrir sig fiðlukonsert. Þetta gerðist sumarið 1853 og var Joachim þá þegar orðinn þekkt nafn í tónlistarheiminum. Schumann brást snarlega við og samdi ekki aðeins konsertinn í d-moll, heldur einnig fantasíu í C-dúr fyrir fiðlu og hljómsveit stuttu síðar á tæpum þremur vikum. Joachim tók fantasíunni fagnandi og flutti hana margoft á ferli sínum en konsertinn spilaði hann aldrei. Ekki nóg með það, heldur kom hann í veg fyrir að verkið yrði gefið út með þeim rökum að - „konsertinn stæðist ekki samanburð við svo mörg af dýrlegum sköpunarverkum meistarans“. Var þessi ákvörðun studd af Clöru Schumann og Johannesi Brahms, og í heildarútgáfu á verkum Schumanns eftir lát hans, er konsertinn ekki skráður.

TÓNLISTIN Á ÍSLANDI

Fiðlukonsert Schumanns heyrst nú í fyrsta sinn á tónleikum Sinfóníuhljómsveitar Íslands og er það skiljanlegt í ljósi sögunnar. Píano-konsertinn í a-moll hefur aftur á móti hljómað fjórtán sinnum á tónleikum hennar í gegnum tíðina og selló-konsertinn, sömuleiðis í a-moll, í tíu skipti. Þá hefur Konzertstück Schumanns fyrir fjögur horn og hljómsveit einu sinni heyrst en sífóníur meistarans hafa frá stofnun hljómsveitarinnar verið nokkuð reglulega á dagskrá.

Nú vikur sögunni til London. Þar bjuggu á fyrri hluta 20. aldar systurnar Adila og Jelly d'Arányi sem báðar voru atvinnu-fiðluleikarar. Hæfileikana áttu þær ekki langt að sækja því Joseph Joachim var afbróðir þeirra. Skrifaði Béla Bartók fiðlusónötur sínar tvær fyrir Jelly og henni tileinkaði Ravel einnig glæsiverkið *Tzigane*.

Jelly hafði mikinn áhuga á dulspeki (líkt og Schumann...) og á andaglasfundi árið 1933 fékk hún boð að handan um að finna og flytja óúttekið verk eftir Schumann. Í kjölfarið fannst konsertinn, en líka skilyrði Joachims um að ekki mætti flytja hann fyrir en að liðnum 100 árum frá dauða tónskáldsins. Nú kröfðust Þjóðverjar í krafti höfundarréttar að konsertinn yrði fluttur af heimamönnum. Var hann frumfluttur af fiðluleikaranum Georg Kulenkampff og Berlínarfilharmóníunni í nóvemberlok 1937, 19 árum áður en fyrrnefndur frestur rann út. Yehudi Menuhin spilaði konsertinn svo í New York mánuði síðar og Jelly d'Arányi í London í febrúar árið eftir.

Síðan þá hefur fiðlukonsert Schumanns æ oftar hljómað í tónleikasölum en best er að láta áheyrendum eftir að dæma um hughrifin sem konsertinn vekur hjá þeim.



LUDWIG VAN BEETHOVEN

SINFÓNÍA NR. 5

Fimmta símfónía Ludwigs van Beethoven (1770–1827) er líklega þekktasta tónverk sígildra tónbókmennta og eitt af þeim tónverkum sem oftast heyrast í tónleikasölum heimsbyggðarinnar. Upphafsmótífið, endurteknu nóturnar fjórar sem birtast í einhverri mynd í öllum köflum símfóníunnar er sagt vera örlögin að knýja dyra. Sköpunarár símfóníunnar voru vissulega mikill átakatími í lífi tónskáldsins sem hið innra horfðist í augu við þverrandi heyrn og umhverfis hann geisaði styrjaldarófriður.

Beethoven hóf að semja fimmtu símfóníuna árið 1804 en lagði hana til hliðar og einbeitti sér næstu tvö árin að fyrstu gerð óperunnar *Fidelio*, 23. píanósónötunni (*Appassionata*), *Razumovsky strengjakvartettunum* þremur op. 59, fiðlukonsertinum, fjórða píanókonsertinum, *C-dúr messunni* og fjórðu símfóníunni. Því næst snéri hann sér aftur að þeirri fimmtu. Hann vann úr fyrirbyggjandi uppkasti að þremur fyrstu köflunum en skipti niðurlagi í 6/8 takti út fyrir hið glæsilega og sigurreifa finale í C-dúr. Í bréfi til vinar síns og velgjörðarmanns Franz von Oppersdorf skrifar Beethoven: „Ég lofa þér verki sem hæfir okkar stríðshrjáðu samtíð. Síðasti hluti símfóníunnar er með 3 básunum og lítilli flautu - að vísu ekki 3 pákum en sem gera meiri og betri hávaða en 6 pákur.“

Örlagasímfónían var frumflutt í Theater an der Wien 22. desember 1808 og stjórnaði tónskáldið flutningnum. Tónleikarnir voru sannkallaðir maraþontónleikar þar sem átta verk Beethovens voru flutt - þar af fjögur í fyrsta sinn opinberlega. Fyrsta atriðið var sjötta símfónían - *Sveitasímfónían*, þá kom arían *Ah, perfido* op. 65, síðan *Gloria* úr *C-dúr messunni* en fyrri hlutanum lauk á fjórða píanókonsertinum sem Beethoven lék sjálfur. Síðari hlutinn hófst á fimmtu símfóníunni, þá komu *Sanctus* og *Benedictus* kaflarnir úr *C-dúr messunni*. Næst lék Beethoven eitt atriði á píanóið af fingrum fram en lokaverkið var *Kórfantasían*. Litlar sögur fara af þessum tónleikum annað en að lengd þeirra losaði fjórar klukkustundir í hrollköldum tónleikasalum og flutningurinn var frekar bágborinn eftir aðeins eitt æfingarensli.

Sigurður Ingvi Snorrason

TÓNLISTIN Á ÍSLANDI

Fimmta símfónía Beethovens hljómaði fyrst í Þjóðleikhúsinu 19. nóvember 1950 í flutningi hinnar nýstofnuðu Símfóníu-hljómsveitar Íslands undir stjórn Róberts Abrahams Ottóssonar.

Síðan þá hefur hún prýtt tónleikaskrár hljómsveitarinnar ríflega 30 sinnum, bæði í Reykjavík, á landsbyggðinni, í Færeyjum og á Grænlandi. Þegar hætt var við tónleikaferð hljómsveitarinnar til Japans haustið 2008 fór hún í hringferð um landið með Petri Sakari og bauð landsmönnum til ókeypis tónlistarveislu þar sem 5. símfónía Beethovens var í aðalhlutverki.

Á DÖFINNI

FIM 08 MAR 19:30



TÓNLEIKAR Í ELDBORG RAVEL OG PROKOFÍEV

Ítalski fiðluleikarinn Nicola Lolli starfaði áður við Santa Cecilia-hljómsveitina í Róm en tók við stöðu konsertmeistara Sinfóníuhljómsveitar Íslands árið 2014. Nú kemur hann í fyrsta sinn fram sem einleikari með hljómsveitinni, í glæsilegum fiðlukonserti Prokofjevs. Sinfóníuhljómsveit Íslands hljóðritar á þessu starfsári tvær sinfóníur eftir Charles Gounod. Sú síðari þeirra, sem hljómar á tónleikunum, er mikilfengleg og með rómantísku ívafi, eins konar svar hins franska tónskálds við tónlist Schumanns. Tónleikunum lýkur á hinu kraftmikla *La valse* þar sem sinfóníuhljómsveitin nýtur sín til fulls enda var Ravel einn snjallasti hljómsveitarútsetjari sem sögur fara af. Hljómsveitarstjóri er Yan Pascal Tortelier.

SUN 18 MAR 19:30



GESTAHLJÓMSVEIT GAUTABORGARSINFÓNÍAN Á ÍSLANDI

Sinfóníuhljómsveit Íslands hélt tónleika í Gautaborg í apríl síðastliðnum við dágóðar undirtektir. Nú er komið að Gautaborgarsinfóníunni að endurgjalda greiðann og leika fyrir Íslendinga. Einleikari er hin franska Hélène Grimaud sem hefur um áratuga skeið verið í hópi fremstu píanista heims. Hún hefur hljóðritað fyrir Deutsche Grammophon og hlotið öll helstu verðlaun klassíska tónlistarheimsins. Á tónleikunum leikur Grimaud hinn undurfagra píanókonsert nr. 4 eftir Beethoven en einnig hljóma tvö meistarverk frá því um aldamótin 1900, valsaskotin svíta úr óperunni *Der Rosenkavalier* eftir Strauss og glæsileg frumraun Sibeliusar í sinfóníusmiðum.

Hljómsveitarstjóri er hinn finnski Santtu-Matias Rouvali, einn eftirsóttasti ungi stjórnandi heims um þessar mundir. Hann hefur tvívegis stjórnað Sinfóníuhljómsveit Íslands með frábærum árangri en hann tók við stöðu aðalstjórnanda Sinfóníuhljómsveitarinnar í Gautaborg haustið 2017.

Áskrifendur Sinfóníuhljómsveitar Íslands geta tryggt sér miða á tónleikana sem viðbót við áskriftarraðir sínar á hefðbundnu áskriftarverði.



©Mat Hennek

SINFÓNÍUHLJÓMSVEIT ÍSLANDS

1. MARS 2018

1. FIÐLA

Vera Panitch
Una Sveinbjarnardóttir
Zbigniew Dubik
Hildigunnur Halldórsdóttir
Bryndís Pálsdóttir
Júlíana Elín Kjartansdóttir
Helga Þóra Björgvinsdóttir
Pascal La Rosa
Rósa Hrund Guðmundsdóttir
Lin Wei
Margrét Kristjánsdóttir
Andrzej Kleina
Olga Björk Ólafsdóttir
Pálína Árnadóttir

2. FIÐLA

Joaquín Páll Palomares
Christian Diethard
Kristján Matthíasson
Margrét Þorsteinsdóttir
Roland Hartwell
Hlín Erlendsdóttir
Ingrid Karlsdóttir
Dóra Björgvinsdóttir
Ólöf Þorvarðsdóttir
Kristín Björg Ragnarsdóttir
Sigurlaug Eðvaldsdóttir
Þórdís Stross

VÍÓLA

Þórunn Ósk Marinósdóttir
Svava Bernharðsdóttir
Guðrún Hrund Harðardóttir
Þórarinn Már Baldursson
Kathryn Harrison
Móeiður Anna Sigurðardóttir
Ásdís Hildur Runólfsdóttir
Sarah Buckley
Guðrún Þórarinsdóttir
Eyjólfur Bjarni Alfreðsson

SELLÓ

Sigurgeir Agnarsson
Sigurður Bjarki Gunnarsson
Hrafnkell Orri Egilsson
Margrét Árnadóttir
Júlía Mogensen
Ólöf Sesselja Óskarsdóttir
Lovísa Fjeldsted
Ólöf Sigursveinsdóttir

BASSI

Hávarður Tryggvason
Páll Hannesson
Gunnlaugur Torfi Stefánsson
Richard Korn
Þórir Jóhannsson
Timofey Matveev

FLAUTA

Áshildur Haraldsdóttir
Emilía Rós Sigfúsdóttir
Martial Nardeau

ÓBÓ

Hernando Escobar
Peter Tompkins

KLARÍNETT

Arngunnur Árnadóttir
Grímur Helgason
Helga Björg Arnadóttir
Baldvin Tryggvason

FAGOTT

Michael Kaulartz
Brjánn Ingason
Felix Schwamm

HORN

Emil Friðfinnsson
Joseph Ognibene

TROMPET

Einar Jónsson
Baldvin Oddsson

BÁSÚNA

Sigurður Þorbergsson
Oddur Björnsson
David Bobroff, bassabásúna

PÁKUR

Eggert Pálsson

Yan Pascal Tortelier *aðalhljómstarstjóri*
Vladimir Ashkenazy *aðalheiðursstjórnandi*
Osmo Vänskä *heiðursstjórnandi*
Anna Þorvaldsdóttir *staðartónskáld*

Arna Kristín Einarisdóttir *framkvæmdastjóri*
Árni Heimir Ingólfsson *listrænn ráðgjafi*
Margrét Sigurðsson *fjármálafulltrúi*
Grímur Grímsson *sviðsstjóri*

Anna Sigurbjörnsdóttir *tónleikastjóri*
Hjördís Ástráðsdóttir *fræðslustjóri*
Kristbjörg Clausen *nótna- og skjalavörður*
Sigþór J. Guðmundsson *sviðsstjóri*

Margrét Ragnarsdóttir *markaðs- og kynningarstjóri*
Jökull Torfason *markaðsfulltrúi*
Una Eypórsdóttir *mannauðsstjóri*
Gísli Magnússon *umsjónarmaður nótna*



Baksviðs með Sinfóníuhljómsveit Íslands

Hallfríður Ólafsdóttir og Þórarinn Már Baldursson hafa skapað víðförlustu mús Íslandssögunar.



Hallfríður: Það að kynnast aðeins einfaldri tónlist er ekki ólíkt því að vera alinn upp **bara á pylsum.**

Þórarinn: Já, sem eru auðvitað ágætari í hófi en maður þarf annað með. **Hallfríður:** Börn eru með galopin huga og fordómalaus en mörg þeirra fá sjaldan tækifæri til þess að heyra annað en létt lög.

Börn eru þakklátir og hrifnæmir áhorfendur enda má upplifa svo margt og læra um lífið og mannlegar tilfinningar með hjálp tónlistar. Ungu fólkið er ávallt áfúsugestir hjá Sinfóníuhljómsveit Íslands.

Á undanförunum árum hefur hljómsveitinni borist öflugur lífsstyrkur í honum Maxímús Músíkús, tónlistarmús sem kynnir börnum á öllum aldri galdur tónlistarinnar. Þau Hallfríður Ólafsdóttir flautuleikari og Þórarinn Már Baldursson víóluleikari hafa skapað þessa skemmtilegu og forvitnu mús

sem er á góðri leið með að sigra heiminn því að sögurnar hans hafa verið þýddar á mörg tungumál og gefnar út ásamt geisladiskum. Maxímús hefur einnig heimsótt þó nokkrar sinfóníuhljómsveitir í öðrum löndum. Engin íslensk mús er því sigldari eða frægari, geri aðrar betur!

GAMMA er aðalstyrktaraðili Sinfóníuhljómsveitar Íslands. Við erum stolt af samstarfi okkar við hljómsveitina og ánægð með að geta tekið höndum saman með ástríðufullu fagfólki um þetta mikilvæga starf.

GAMMA

www.gamma.is



SINFÓNÍUHLJÓMSVEIT
ÍSLANDS

BÍÓTÓNLEIKAR
26. OG 27. APRÍL 2018

AMADEUS AMADEUS

Nú gefst einstakt tækifæri til að upplifa kvikmyndina Amadeus sem sýnd verður í Eldborg og stórfenglega tónlist Mozarts í lifandi flutningi Sinfóníuhljómsveitar Íslands og Mótettukórs Hallgrímskirkju. Ekki missa af þessum stórbrotna viðburði!

MIÐASALA HAFIN SINFONIA.IS

Miðasala í Hörpu
sinfonia.is
harpa.is
528 50 50



@icelandsymphony / #sinfó

Aðalstyrktaraðili :

GAMMA